



JÖRVAGLEÐI 2025

Jörvagleði, lista- og menningarhátíð Dalabyggðar fór fram dagana 23. -27. apríl 2025. Þetta var 25. hátíðin þar sem dagskrá spannaði 5 daga.

Dagskráin hófst á miðvikudegi þar sem Sigursteinn Sigurðsson menningarfulltrúi Vesturlands var með erindið „Fallett samfélag: Hvað get ég gert?“ í Nýsköpunarsetrinu. Gummi Sveinn spilaði svo í Dalíu um kvöldið. Yfir daginn var m.a. opið á Eiríksstöðum, hjá Bolla, á Erpsstöðum og Sælingsdalslaug.

Á fimmtudeginum var Sumardagurinn fyrsti. Urður ullarvinnsla var með opunarhátíð þar sem var margt um manninn. Skátafélagið Stígandi var með skátafjör og hátíðin svo formlega sett í Dalíu. Þar sýndi Kómedíuleikhúsið ævintýrið Dimmalimm, Aðalsteinn Ingólfsson fjallaði um Hrein Friðfinnsson og Vilborg Davíðsdóttir um hjónaskilnaði og spádóma. Á Eiríksstöðum var krökkum boðið að koma og spjalla um hvernig lífið í Dölum var fyrir 1000 árum og dagurinn endaði á uppistandi með Péttri Jóhann í Dalabúð. Yfir daginn var m.a. opið á Eiríksstöðum og hjá Bolla.

Dagskrá föstudagsins hófst í Árbliki þar sem Gríma Kristinsdóttir opnaði ljósmyndasýningu sína „Mundi“, UDN veitti Jóhönnu Vigdísi Pálmadóttur viðurkenninguna Íþróttamanneskja UDN, Birna Lárusdóttir frá Fornleifastofnun Íslands fjallaði um rannsóknir í Ólafsdal, séra Snævar Jón Andrússon fjallaði um séra Gunnar Pálsson og Nikkólína spilaði ljúf lög. Í Rauða kross húsinu var Atli Freyr með D&D spil þar sem gæludýr galdrakarls þurftu að vinna saman gegn áhrifum gallaðs galdradrykkjar. Um kvöldið var svo úr ýmsu að velja. Hanna Dóra Sturludóttir var með tónleika í Dalíu þar sem Aðalheiður Þorsteinsdóttir lék undir, á Laugum voru rímnatónleikar í tengslum við Landsmót kvæðamanna, Músík bingó í Árbliki og svo spilaði hljómsveitin Gleðilegt foking á í Dalíu. Yfir daginn var m.a. opið á Eiríksstöðum hjá Bolla, í Árbliki og Sælingsdalslaug.

Á laugardeginum var listasmiðja fyrir börn á öllum aldri í Dalíu, viðburðir í tengslum við Landsmót kvæðamanna á Laugum og Davíðsmót í bridge í Tjarnarlundi. Um kvöldið voru tónleikar með Rokkkórnum frá Húnaþingi vestra í Dalabúð og á Vínlandssetri voru Jóna Margrét og Björgvin að syngja og skemmta sem endaði svo í karókí. Yfir daginn var m.a. opið á Eiríksstöðum, hjá Urði ullarvinnslu, hjá Bolla og Sælingsdalslaug.

Sunnudagurinn var einnig Stóri Plokkdagurinn, Dalabyggð hafði dreift pokum og hönskum á viðburði Sigursteins á miðvikudeginum og sett upp kör til að plokkarar gætu skilað af sér. Í Árbliki var dagskrá í tilefni af afhjúpun fyrstu jólasveinanna í verkefninu „Jólasveinarnir eru úr Dölunum“. Meðal dagskráratríða voru erindi Árni Björnsson, Einar Svansson afabarn Jóhannesar sagði frá skáldinu, Guðbjörg María Ívarsdóttir sagði frá sinni aðkomu að verkefninu, Nanna Rögnvaldardóttir sagði frá upplifun sinni af jólasveinunum í æsku, Sönghópurinn Kvika söng nokkur lög við ljóð Jóhannesar úr Kötlum og endað var á kaffisamsæti.